



## HVAR ERU RÍKISSTÖRFIN?

Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2023



Þróunarsvið, 13. febrúar 2025  
Haraldur Reinhardsson og Þorkell Stefánsson

---

## Helstu niðurstöður

- Stöðugildi á vegum ríkisins voru 28.535 við áramót 2023/2024. Á árinu 2023 fjölgaði stöðugildum um 817 eða 2,9%.
- Flest stöðugildi á vegum ríkisins eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%).
- Hæsta hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins af íbúafjölda á vinnualdri (15-64 ára) er á Norðurlandi vestra 12,4% og þar næst á höfuðborgarsvæðinu 12,2%. Lægsta hlutfall stöðugilda af íbúafjölda á vinnualdri er á Suðurnesjum 8,0% og Suðurlandi 8,4%.
- Stöðugildum kvenna fjölgaði um 421 (2,3%) árið 2023 en stöðugildum karla fjölgaði um 396 (4,1%).
  - Stöðugildum karla fjölgaði mest hjá ISAVIA en þeim fjölgaði einnig hjá Hrafnistu, RÚV, Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vegagerðinni og Háskóla Íslands.
  - Stöðugildum kvenna fjölgaði mest hjá Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
- Mest fjölgun stöðugilda árið 2023 varð í Reykjavík (383 – m.a. vegna Landspítala og Háskóla Íslands), í Suðurnesjabæ (93 – helst vegna ISAVIA og Lögreglustjórans á Suðurnesjum) og í Sveitarfélaginu Árborg (75 – m.a. vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands). Einnig fjölgaði stöðugildum talsvert í Akureyrarbæ, Garðabæ, Múlaþingi, Akraneskaupstað og Borgarbyggð. Auk þess fjölgaði stöðugildum um 10 eða fleiri í Hveragerði og Reykjanesbæ.
- Stöðugildum fækkaði um fimm eða fleiri í Kópavogi, Ísafjarðarbæ, Mosfellsbæ og Bláskógabyggð.
- Um 45% stöðugilda á vegum ríkisins heyra undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins. Þeirra á meðal eru tæplega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mörg stöðugildi eru einnig vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis (10,1%), innviðaráðuneytis (9,3%), mennta- og barnamálaráðuneytis (8,5%) og dómsmálaráðuneytis (8,4%).

## Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Bygðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Með störfum á vegum ríkisins er átt við stöðugildi greidd af Fjársýslunni, stöðugildi hjá opinberum hlutafélögum og stofnunum og stöðugildi á stofnunum sem hafa meirihluta rekstrartekna sinna af fjárlögum. Starfsfólk banka í ríkiseigu er ekki talið með í greiningunni. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda karla og kvenna við áramót 2023/2024. Starfsfólk eru mun fleira en stöðugildin en hér eru upplýsingarnar settar fram sem fjöldi stöðugilda. Þá er miðað við hvar störfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Í töflum er fjöldi stöðugilda námundaður við næstu heilu tölu. Frekari tölulegar upplýsingar má finna í [mælaborði sem kemur út samhliða þessari skýrslu](#).

Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg á milli ára. Því fer gagnaöflun fram með skipulögðum hætti og drjúgum tíma er varið í að rýna gögnin. Þó ber þess að geta að enn gætu leynst villur í gögnunum og fögnum við öllum ábendingum um það sem betur má fara. Gögn eru uppfærð aftur í tímann eftir því sem tilefni er til. Frekari upplýsingar veitir Haraldur Reinhardsson, sérfræðingur á þróunarsviði í síma 455-5400 eða í tölvupósti, haraldur@byggdastofnun.is.

## Landið allt

Í töflu 1 má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót tíu ár í röð. Stöðugildum hefur alltaf fjölgað á milli ára en þó mest árið 2021. Sú fjölgun tengdist að talsverðu leyti COVID-19, s.s. vegna sóttkvíar starfsfólks í heilbrigðisgeiranum. Eftir 2021 hefur stöðugildum fjölgað um u.þ.b. 800 eða 3% á ári sem er meiri fjölgun en á árunum fyrir 2021.

Þann 31. desember 2023 var heildarfjöldi stöðugilda 28.535, þar af voru 18.458 skipuð af konum og 10.077 af körlum. Hlutfall stöðugilda kvenna hefur hækkað frá áramótum 2013/2014 úr 63% í um 65% við áramót 2023/2024. Á heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum voru rúm 12 þúsund stöðugildi í árslok 2023 og skipuðu konur um 82% þeirra. Mest fjölgun stöðugilda hjá stökum aðilum árið 2023 var hjá Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, ISAVIA og Háskóla Íslands. Mest fækkun var hjá Listaháskóla Íslands, Íslandspósti og Skattinum.

**Tafla 1. Fjöldi stöðugilda frá áramótum 2014/2015.**

Dagsetning	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára
31.12.2014	14.377	8.431	22.808	+154 (+0,7%)
31.12.2015	14.621	8.558	23.178	+371 (+1,6%)
31.12.2016	15.053	8.687	23.739	+561 (+2,4%)
31.12.2017	15.521	8.891	24.412	+673 (+2,8%)
31.12.2018	15.873	9.028	24.901	+489 (+2,0%)
31.12.2019	16.018	9.201	25.219	+317 (+1,3%)
31.12.2020	16.460	9.127	25.587	+368 (+1,5%)
31.12.2021	17.367	9.563	26.930	+1343 (+5,2%)
31.12.2022	18.037	9.681	27.718	+788 (+2,9%)
31.12.2023	18.458	10.077	28.535	+817 (+2,9%)

Flokkun stöðugildanna 28.535 með hliðsjón af forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta, nr. 6/20221 má sjá í töflu 2. Stöðugildi hjá stofnunum sem hér flokkast undir yfirstjórn ríkisins, eru 319 stöðugildi. Þar af eru flest vegna Alþingis og ríkisstjórnar og önnur vegna Ríkisendurskoðunar, umboðsmanns alþingis og embættis forseta Íslands. Um 45% stöðugilda ríkisins heyra undir heilbrigðisráðuneytið eða 12.744. Þar af eru tæplega fimm þúsund vegna Landspítala. Auk þess er stór hluti stöðugildanna vegna hjúkrunarheimila, heilsugæslu og heilbrigðisstofnana. Um 10% stöðugilda heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti eða 2.874. Stærstur hluti þeirra eru vegna háskólanna og þar er Háskóli Íslands veigamestur með um 1.500 stöðugildi.

Alls tilheyra 2.643 stöðugildi innviðaráðuneytinu, eða 9%, og þar munar mest um stöðugildi hjá ISAVIA og tengdum félögum, Íslandspósti og Vegagerðinni. Önnur 9% eða 2.429 heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið en það eru fyrst og fremst störf í framhaldsskólum landsins. Dómsmálaráðuneytinu tilheyra 2.408 stöðugildi eða 8%. Flest þeirra eru hjá lögreglu- og sýslumannsembættum og nokkur hluti hjá dómstólum, Landhelgisgæslunni, Þjóðkirkjunni og Fangelsismálastofnun. Með málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins teljast 1.245 stöðugildi eða 4%. Þeirra á meðal eru stöðugildi hjá Landsvirkjun, RARIK, Veðurstofu Íslands og Umhverfisstofnun. Undir fjármála- og efnahagsráðuneytið heyra 1.043 stöðugildi eða 4%. Stór hluti þeirra er hjá Skattinum og ÁTVR. Stöðugildi sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið eru 884 eða 3% og eru meðal annars hjá RÚV, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsinu og Landsbókasafninu.

Undir matvælaráðuneytið heyra 628 stöðugildi eða 2% en Hafrannsóknarstofnun, Matvælastofnun, Matís, Skógræktin og Landgræðslan eru meðal stofnana sem heyra undir málaflokka þess. Undir málaflokka félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins flokkast 505 stöðugildi eða 2%, meðal annars vegna Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Forsætisráðuneytinu fylgja 494 stöðugildi eða 2%, þar af er stór hluti vegna Seðlabanka Íslands og nokkur hluti vegna Hagstofu Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur 319 stöðugildi eða 1%, en þar undir eru aðalskrifstofa ráðuneytisins, Sendiráð Íslands, Íslandsstofa o.fl.

---

<sup>1</sup> Forsetaúrskurður um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2022006.html>

**Tafla 2. Fjöldi stöðugilda eftir málaflokkum ráðuneyta.**

	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Hlutfall stöðugilda
Yfirstjórn ríkisins	176	143	319	1,1%
Heilbrigðisráðuneyti	10.442	2.302	12.744	44,7%
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.642	1.231	2.873	10,1%
Innviðaráðuneyti	999	1.645	2.643	9,3%
Mennta- og barnamálaráðuneyti	1.553	876	2.429	8,5%
Dómsmálaráðuneyti	1.089	1.319	2.408	8,4%
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	493	752	1.245	4,4%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	509	534	1.043	3,7%
Menningar- og viðskiptaráðuneyti	473	411	884	3,1%
Matvælaráðuneyti	301	327	628	2,2%
Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	356	149	505	1,8%
Forsætisráðuneyti	241	253	494	1,7%
Utanríkisráðuneyti	183	136	319	1,1%
Samtals stöðugildi	18.458	10.077	28.535	100,0%

Á höfuðborgarsvæðinu búa 64% landsmanna en þar eru um 70% allra ríkisstarfa unnin (tafla 3). Á heildina litið samsvarar fjöldi stöðugilda ríkisins um 7% af íbúafjölda landsins, eða rúmlega 11% íbúa á vinnualdri (15-64 ára). Hlutfall stöðugilda af mannfjölda á vinnualdri er hæst á Norðurlandi vestra (12,4%) og næst hæst á höfuðborgarsvæðinu (12,2%). Lægst er hlutfallið á Suðurnesjum eða 8,0% en þar fjölgaði stöðugildum þó hlutfallslega mest á milli ára. Mest munaði þar um fjölgun starfa hjá félögum tengdum ISAVIA og einnig hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Á Austurlandi og Suðurlandi var fjölgun stöðugilda einnig hlutfallslega mikil og munar þar mestu um fjölgun hjá heilbrigðisstofnunum landshlutanna. Stöðugildum á Vestfirðum fækkaði milli ára og einnig stöðugildum erlendis.

**Tafla 3. Landshlutaskipting stöðugilda ríkisins.**

	Stöðu- gildi kvenna	Stöðu- gildi karla	Samtals stöðu- gildi	Breyting frá 31.12.22	Íbúafjöldi 1. jan 2024	Hlutfall lands- manna	Hlutfall stöðugilda landsins	Hlutfall stöðugilda af íbúafj.	Íbúafjöldi 15-64 ára	Hlutf. stöðug. af íbúafjölda 15-64 ára
Höfuðborgarsvæðið	12.945	6.956	19.902	+467 (+2,4%)	244.177	63,6%	69,7%	8,2%	162.782	12,2%
Suðurnes	860	854	1.715	+103 (+6,4%)	30.933	8,1%	6,0%	5,5%	21.455	8,0%
Vesturland	658	293	950	+38 (+4,2%)	17.419	4,5%	3,3%	5,5%	11.011	8,6%
Vestfirðir	290	185	474	-15 (-3,1%)	7.168	1,9%	1,7%	6,6%	4.653	10,2%
Norðurland vestra	375	184	559	+16 (+2,9%)	7.294	1,9%	2,0%	7,7%	4.492	12,4%
Norðurland eystra	1.663	702	2.365	+81 (+3,6%)	31.574	8,2%	8,3%	7,5%	20.264	11,7%
Austurland	432	220	651	+34 (+5,5%)	11.085	2,9%	2,3%	5,9%	7.141	9,1%
Suðurland	1.201	654	1.854	+95 (+5,4%)	34.076	8,9%	6,5%	5,4%	22.119	8,4%
Erlendis	34	30	64	-2 (-3,0%)	-	-	-	-	-	-
Samtals	18.458	10.077	28.535	+817 (+2,9%)	383.726	100%	100%	7,4%	253.917	11,2%



Skipting stöðugilda niður á málaflokka ráðuneytanna er nokkuð mismunandi milli landshluta (mynd 1).

Stöðugildi sem falla undir málaflokka heilbrigðisráðuneytisins eru, eins og áður segir, 45% af stöðugildum á landsvísu en hlutfall þeirra innan landshluta er hæst 53% á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Hlutfallið er einnig yfir 50% bæði á Suðurlandi og Vesturlandi. Lægst hlutfall stöðugilda á vegum heilbrigðisráðuneytis er á Suðurnesjum 22% og næst lægst 37% á Norðurlandi vestra.

Stöðugildi sem heyra undir málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins eru um 10% allra stöðugilda á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er hæst á höfuðborgarsvæðinu 12% en næst hæst 11% á Norðurlandi eystra og á Vesturlandi og þar næst 10% á Norðurlandi vestra. Í öðrum landshlutum eru stöðugildi vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins 1% eða minna af öllum stöðugildum. Hlutfall stöðugilda vegna málaflokka innviðaráðuneytisins er um 9% á landsvísu. Hlutfall þessara stöðugilda er lang hæst á Suðurnesjum eða 51%, fyrst og fremst vegna stöðugilda á vegum ISAVIA og tengdra félaga. Annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins er algengt að stöðugildi sem heyra undir ráðuneytið séu vegna Íslandspósts og Vegagerðarinnar.

Stöðugildi sem tilheyra mennta- og barnamálaráðuneytinu eru um 9% stöðugilda landsins og eru flest þeirra vegna starfa í framhaldsskólum. Hæst er hlutfall þeirra 12% á Suðurlandi og Norðurlandi eystra en lægst 5% á Suðurnesjum og 8% á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu. Stöðugildi sem heyra undir dómsmálaráðuneytið eru um 8% stöðugilda á landsvísu. Á Suðurnesjum eru þau 17% allra stöðugilda og eru aðallega hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum og Landhelgisgæslunni. Á Suðurlandi er hlutfall stöðugilda sem heyra undir dómsmálaráðuneytið 13%, flest eru þau vegna Fangelismálastofnunar og Lögreglustjórans á Suðurlandi.


Mörg stöðugildi á Vestfjörðum, eða 15%, tilheyra málaflokkum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ástæða þess eru fyrst og fremst stöðugildi á vegum Orkubús Vestfjarða. Á Suðurlandi eru 10% stöðugilda vegna málaflokka ráðuneytisins enda er mikill fjöldi stöðugilda hjá Landsvirkjun, RARIK og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Hlutfall stöðugilda sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið er hæst 4% á höfuðborgarsvæðinu og 3% Suðurnesjum. Flest stöðugildanna eru hjá Skattinum og ÁTVR. Flest stöðugildi undir menningar- og viðskiptaráðuneytinu eru á höfuðborgarsvæðinu en fá annars staðar, fyrir utan Norðurland eystra þar sem eru nokkur stöðugildi hjá RÚV og Ferðamálastofu.

Stöðugildi sem heyra undir matvælaráðuneytið eru á bilinu 2% til 4% stöðugilda í öllum landshlutum, fyrir utan Suðurland þar sem þau eru 6% og Suðurnes þar sem þau eru undir 1%. Á Suðurlandi er nokkur fjöldi stöðugilda hjá Matvælastofnun, Landgræðslu ríkisins og Skógræktinni sem heyra undir matvælaráðuneytið.

Norðurland vestra sker sig úr vegna hlutfalls stöðugilda sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Þar heyra 7% stöðugilda undir ráðuneytið og er það aðallega vegna stöðugilda á vegum Vinnumálastofnunar.

Öll stöðugildi vegna yfirstjórnar ríkisins eru á höfuðborgarsvæðinu og flest stöðugildi sem heyra undir forsætisráðuneytið eru einnig staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Eina undantekningin frá því eru stöðugildi hjá Jafnréttisstofu á Norðurlandi eystra. Utanríkisráðuneytið er með nokkur störf utan höfuðborgarsvæðisins, fyrst og fremst stöðugildi hjá Þýðingamiðstöð.



Mynd 1. Skipting stöðugilda ríkisins á málaflokka ráðuneyta í hverjum landshluta.

## Höfuðborgarsvæðið

Stöðugildum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 467 eða um 2,4% á árinu 2023 (tafla 4). Í Reykjavíkurborg voru stöðugildi við áramót 383 fleiri en á síðasta ári, eða sem nemur 2,3%. Þar fjölgaði töluvert hjá Landspítala og nokkuð hjá Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, RÚV og Landsvirkjun. Á mót fækkaði stöðugildum m.a. hjá Listaháskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Íslandspósti í Reykjavík. Í Hafnarfjarðarkaupstað fjölgaði stöðugildum um 70 eða 6,9% milli ára, helst vegna Ríkislögreglustjóra, Hafrannsóknarstofnunar og Hrafnistu. Í Garðabæ varð 55 stöðugilda fjölgun eða 11,9%, meðal annars vegna fjölgunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðinni en á móti fækkaði stöðugildum á vegum Landspítala í Garðabæ. Stöðugildum í Kópavogi fækkaði um 39 eða 3,9%, aðallega vegna fækkunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í Mosfellsbæ fækkaði stöðugildum um sex og í Seltjarnarnesbæ fjölgaði stöðugildum um fjögur.

**Tafla 4. Stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Garðabær	282	283	271	263	272	273	293	469	461	516
Hafnarfjarðarkaupstaður	750	652	671	659	612	612	797	810	1.012	1.082
Kjósarhreppur	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kópavogsbær	657	644	787	790	856	982	992	1.018	988	949
Mosfellsbær	304	304	299	265	270	271	284	291	277	271
Reykjavíkurborg	14.179	14.520	14.676	15.095	15.440	15.599	15.819	16.380	16.589	16.972
Seltjarnarnesbær	32	34	33	51	48	102	99	101	106	110
Samtals	16.204	16.438	16.738	17.124	17.498	17.840	18.285	19.070	19.435	19.902

## Suðurnes

Á Suðurnesjum fjölgaði stöðugildum um 103 eða 6,4% á árinu 2023. Í Suðurnesjabæ fjölgaði um 93 eða 9,6%, mest vegna fjölgunar hjá félögum tengdum ISAVIA en einnig hjá Lögreglunni á Suðurnesjum (tafla 5). Í Reykjanesbæ fjölgaði ríkisstöðugildum um 10 eða 1,7%, mest hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Í Reykjanesbæ fækkaði stöðugildum hjá fáeinum aðilum en mest hjá Hrafnistu. Stöðugildi í Grindavíkurbæ voru jafn mörg og árið 2022 eða 43.

**Tafla 5. Stöðugildi á Suðurnesjum.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Grindavíkurbær	35	37	38	40	40	40	40	51	43	43
Reykjanesbær	460	479	489	497	497	509	544	578	598	608
Suðurnesjabær	504	604	753	896	913	839	645	828	971	1.064
Sveitarfélagið Vogar	1	1	1	0	0	1	1	0	0	0
Samtals	1.000	1.121	1.281	1.433	1.449	1.389	1.230	1.457	1.612	1.715

## Vesturland

Á Vesturlandi fjölgaði stöðugildum um 38 árið 2023 sem jafngildir 4,2% (tafla 6). Mest fjölgun stöðugilda varð í Akraneskaupstað og Borgarbyggð. Á Akranesi fjölgaði stöðugildum um 19 eða 4,6%, meðal annars hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbrotarskóla Vesturlands og hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða. Í Borgarbyggð fjölgaði stöðugildum um 18 eða 7,1% og þar munaði mestu um fjölgun hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Á móti fækkaði stöðugildum hjá Háskólanum á Bifröst í Borgarbyggð. Stöðugildum fjölgaði um fjögur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og um þrjú í Snæfellsbæ. Í Dalabyggð fækkaði stöðugildum um þrjú, í Skorradalshreppi fækkaði um tvö og í Grundarfjarðabæ fækkaði um eitt stöðugildi.

**Tafla 6. Stöðugildi á Vesturlandi.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Akraneskaupstaður	334	329	346	367	378	382	370	393	409	428
Borgarbyggð	248	255	228	222	218	221	224	232	254	272
Dalabyggð	58	61	61	60	58	55	51	55	59	56
Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grundarfjarðarbær	52	49	50	49	49	51	54	55	53	52
Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	1	0	0	0
Skorradalshreppur	0	0	0	3	4	4	4	7	7	5
Snæfellsbær	40	38	43	43	42	46	42	43	43	46
Sveitarfélagið Stykkishólmur	100	91	87	85	84	83	86	87	88	92
Samtals	834	824	816	831	833	843	832	871	912	950

## Vestfirðir

Á Vestfjörðum fækkaði stöðugildum um 15 eða 3,1% árið 2023 og var fækkunin að mestu bundin við Ísafjarðarbæ (tafla 7). Í Ísafjarðarbæ fækkaði stöðugildum um 17 eða 4,9%, aðallega vegna Fjölmenningsseturs. Í Strandabyggð fækkaði stöðugildum um eitt en í Vesturbyggð fjölgaði um þrjú stöðugildi, helst hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Í Árneshreppi, Bolungarvíkurkaupstað og Reykhólahreppi var fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins sá sami og árið áður.

**Tafla 7. Stöðugildi á Vestfjörðum.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Árneshreppur	2	2	2	2	2	1	1	1	1	1
Bolungarvíkurkaupstaður	33	28	27	26	23	22	21	26	24	24
Ísafjarðarbær	281	287	312	315	321	316	324	347	355	338
Kaldrananeshreppur	0	0	0	0	1	1	1	0	0	0
Reykhólahreppur	10	12	13	12	11	12	12	11	11	11
Strandabyggð	38	39	41	38	40	40	39	38	40	39
Súðavíkurhreppur	1	1	0	0	1	1	0	0	0	0
Tálknafjarðarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vesturbyggð	51	53	58	56	55	57	59	60	57	60
Samtals	414	420	453	449	454	449	457	483	489	474

### Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra fjölgaði um 16 stöðugildi árið 2023 eða 2,9% (tafla 8). Mest fjölgun varð í Húnaþingi vestra eða um átta stöðugildi, eða um 11,6%. Þar fjölgaði stöðugildum hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun og Lögreglunni á Norðurlandi vestra. Í Húnabyggð fjölgaði stöðugildum um sex eða 6,1% en þar varð fjölgun m.a. hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Lögreglunni á Norðurlandi vestra. Í Skagafirði fjölgaði stöðugildum um þrjú en í Sveitarfélaginu Skagaströnd fækkaði stöðugildum um eitt.

**Tafla 8. Stöðugildi á Norðurlandi vestra.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Húnabyggð	100	95	93	97	99	94	98	99	98	104
Húnaþing vestra	64	66	62	62	63	65	64	69	69	77
Skagabyggð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skagafjörður	286	290	299	299	304	307	324	343	336	339
Sveitarfélagið Skagaströnd	36	35	34	35	36	38	43	44	40	39
Samtals	485	485	488	494	502	504	528	555	543	559



## Norðurland eystra

Stöðugildum fjölgaði um 81 eða 3,5% á Norðurlandi eystra á árinu 2023 (tafla 9). Mest fjölgaði stöðugildum í Akureyrarbæ, um 64 eða 3,6%. Þar fjölgaði mest hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri en auk þess var nokkur fjölgun hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri, Heilsuvernd og Háskólanum á Akureyri. Á móti fækkaði stöðugildum m.a. hjá Menntaskólanum á Akureyri, Íslandspósti og Umhverfisstofnun. Í Þingeyjarsveit fjölgaði stöðugildum um átta eða 12,5%, helst vegna fjölgunar hjá Landsvirkjun. Í Fjallabyggð fjölgaði stöðugildum um fjögur, í Eyjafjarðarsveit um þrjú og í Dalvíkurbyggð og Norðurþingi fjölgaði stöðugildum um tvö. Í Grýtubakkahreppi fjölgaði stöðugildum um eitt en í Langanesbyggð fækkaði um tvö.

**Tafla 9. Stöðugildi á Norðurlandi eystra.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Akureyrarbær	1.395	1.405	1.443	1.489	1.523	1.541	1.577	1.718	1.756	1.820
Dalvíkurbyggð	53	53	55	53	52	52	52	58	61	63
Eyjafjarðarsveit	1	1	1	1	1	1	2	1	14	17
Fjallabyggð	114	113	110	111	108	108	110	117	117	121
Grýtubakkahreppur	10	9	9	10	12	13	12	14	12	13
Hörgársveit	2	2	1	1	1	1	1	0	0	0
Langanesbyggð	14	20	21	23	23	21	24	27	30	28
Norðurþing	193	199	200	204	206	210	211	224	230	232
Svalbarðsstrandarhreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þingeyjarsveit	55	55	58	71	63	65	62	65	64	72
Samtals	1.837	1.857	1.898	1.963	1.989	2.013	2.051	2.224	2.284	2.365

## Austurland

Stöðugildum fjölgaði um 34 eða 5,5% á Austurlandi árið 2023 (tafla 10). Í Múlaþingi fjölgaði stöðugildum um 25 eða 7,8% en í Fjarðabyggð fjölgaði þeim um 9 sem samsvarar 3,5%. Í báðum sveitarfélögunum er fjölgunin fyrst og fremst vegna Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Stöðugildum fjölgaði um eitt í Fljótsdalshreppi en í Vopnafjarðarhreppi stóð fjöldinn í stað.

**Tafla 10. Stöðugildi á Austurlandi.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Fjarðabyggð	247	246	247	233	243	238	235	245	255	264
Fljótsdalshreppur	15	15	14	15	15	15	15	16	14	15
Múlaþing	288	283	291	300	292	292	300	311	321	346
Vopnafjarðarhreppur	21	25	25	25	26	25	26	25	27	27
Samtals	571	569	577	572	575	570	575	597	617	651

## Suðurland

Stöðugildum fjölgaði um 94 eða um 5,3% á Suðurlandi árið 2023 (tafla 11). Mest fjölgaði stöðugildum í Sveitarfélaginu Árborg og í Hveragerðisbæ. Í Árborg fjölgaði stöðugildum um 75 eða 9,7% og í Hveragerðisbæ um 14 eða 6,7%. Í Sveitarfélaginu Árborg kemur fjölgunin fyrst og fremst til vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands en fjölgun var einnig bæði hjá Matvælastofnun og Fjölbautarskóla Suðurlands í Árborg. Á móti varð nokkur fækkun hjá Háskóla Íslands og Íslandspósti í sveitarfélaginu. Í Hveragerðisbæ fjölgaði aðallega hjá Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands og Ási dvalar- og hjúkrunarheimili. Í Vestmannaeyjabæ fjölgaði stöðugildum um níu árið 2023 og mest hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í Sveitarfélaginu Hornafirði fjölgaði stöðugildum um átta en þar fjölgaði mest hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Á móti fækkaði stöðugildum m.a. hjá Skjólgarði á Höfn. Í Skaftárhreppi fjölgaði stöðugildum um tvö og í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um eitt. Í Bláskógabyggð fækkaði stöðugildum hins vegar um sex, mest fækkaði hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum en á móti fjölgaði m.a. hjá Háskóla Íslands. Í Mýrdalshreppi fækkaði stöðugildum um fjögur, í Rangárþingi ytra fækkaði um tvö og í Rangárþingi eystra og Sveitarfélaginu Ölfusi fækkaði um eitt. Stöðugildi í Hrunamannahreppi voru áfram fjögur.

**Tafla 11. Stöðugildi á Suðurlandi.**

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Ásahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bláskógabyggð	49	62	61	72	83	85	54	61	81	75
Grímsnes- og Grafningshreppur	14	14	14	15	16	15	14	13	17	17
Flóahreppur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrunamannahreppur	3	3	2	4	5	4	4	4	4	4
Hveragerðisbær	174	185	200	200	197	192	193	208	208	222
Mýrdalshreppur	37	34	37	41	41	45	41	41	44	40
Rangárþing eystra	79	82	75	74	75	81	88	100	101	100
Rangárþing ytra	99	98	98	105	103	99	98	100	99	97
Skaftárhreppur	21	28	24	26	28	30	30	27	31	33
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	40	40	39	44	56	57	50	47	50	51
Sveitarfélagið Árborg	599	589	581	583	599	627	656	678	776	851
Sveitarfélagið Hornafjörður	108	101	108	127	129	126	140	135	141	149
Sveitarfélagið Ölfus	18	19	19	20	22	20	20	19	21	20
Vestmannaeyjabær	166	158	168	168	180	166	175	179	187	196
Samtals	1.406	1.411	1.428	1.477	1.535	1.547	1.564	1.613	1.760	1.854

### Erlendis

Stöðugildi sem unnin eru erlendis á vegum íslenska ríkisins voru 64 í árslok 2023 og hafði þá fækkað um tvö milli ára. Flest stöðugildin erlendis eru í sendiráðum Íslands.